

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um aðfarargerðir.

Frá Jóhanni Páli Jóhannssyni.

1. Hver er fjöldi aðfarargerða sem framkvæmdar hafa verið til að koma á umgengni, lögheimili og/eða forsjá sl. 20 ár? Hver er fjöldi þeirra sem framkvæmdar hafa verið á heilbrigðisstofnunum sl. 20 ár?
2. Hvernig verklag gildir um aðfarargerðir sem framkvæmdar eru til að koma á umgengni, lögheimili og/eða forsjá? Eru til staðar verklagsreglur um framkvæmdina, og ef svo er, hvernig eru þær?
3. Telur ráðherra framkvæmd slíkra aðfarargerða á heilbrigðisstofnunum forsvanlega? Mun ráðherra beita sér fyrir því að þær eigi sér ekki stað í framtíðinni?

Skriflegt svar óskast.